



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Viðhorf foreldra barna hjá dagforeldrum 2017-2018



Skrifstofa sviðstjóra – tölfræði og rannsóknir
Júní 2018

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
SAMANTEKT	3
FRAMKVÆMD	4
NIÐURSTÖÐUR	4
Svarendur	4
Val á dagforeldri	7
Viðhorf til fyrirkomulags á daggæslu yngstu barna.....	11
Ánægja með þjónustu dagforeldra	12
Eftirlit með starfsemi daggæslu	14
Þættir sem foreldrar vildu koma á framfæri	15
VIÐAUKI	16

Samantekt

Í skýrslunni er lýst viðhorfum foreldra barna sem voru í daggæslu hjá dagforeldrum í Reykjavík veturinn 2017-2018. Könnun þessi er sú sjöunda í röðinni af reglulegum könnunum til foreldra barna í daggæslu en þær hafa verið lagðar fyrir annað hvert frá árinu 2006. Markmið þeirra er að fylgjast með gæðum þjónustunnar.

Samtals höfðu um 64% barna svarenda verið í daggæslunni í *9 mánuði* eða skemur þegar könnunin var lögð fyrir en um 35% barna verið í *10 mánuði* eða lengur. Um helmingur foreldra sem svöruðu könnuninni að þessu sinni nýtir daggæslu þar sem tveir dagforeldrar starfa saman.

Helst er sótt í daggæslu í Grafarvogi og Breiðholti úr öðrum borgarhlutum og mest er um að foreldrar sem búa í Vesturbæ, Hlíðum/Holtum/Norðurmýri og Grafaholti/Úlfarsársgarði sækja daggæslu út fyrir sinn borgarhluta. Rúmlega tveir af hverjum þremur þeirra sem búa í öðrum borgarhluta en þar sem daggæslan er staðsett, segjast heldur kjósa daggæslu í sínum borgarhluta sem er aukning frá fyrri árum.

Foreldrar hefja leit að dagforeldri fyrr en áður og nú höfðu 60% byrjað leitina fyrir 4 mánaða aldur barnsins. Flest börnin hófu vistun hjá dagforeldri þegar þau voru 10-12 mánaða eða 46%. Hlutfallslega fleiri börn nú byrja eldri en 12 mánaða í daggæslu og hlutfallslega færri börn byrja yngri en 9 mánaða en í fyrri könnunum sem gæti gefið til kynna að erfiðara er að fá daggæslu nú en áður. Um 77% foreldra fannst þeim hafa úr of fáum dagforeldrum að velja.

Sem áður eru langflestir foreldrar eða 87%, *ánægðir* með þjónustu dagforeldra og litlar breytingar á milli ára. Á bilinu 69-84% foreldra eru *ánægðir* með ýmsa hagnýta þjónustu og skipulag hjá dagforeldrum eins og fæði/mat, aðstöðu inni og dagskipulag. Minni ánægja er með frí- og veikindaga dagforeldra og kostnað við gæsluna en óánægja með kostnað eykst á milli kannana. Í þessu sambandi nefna foreldrar að þeir vilji fá sambærilega niðurgreiðslu með börnum sínum við 18 mánaða aldur hvort sem vistun fer fram hjá dagforeldri eða í leikskóla. Á bilinu 70-96% foreldra eru *sammála* jávæðum staðhæfingum um félagslega þætti daggæslunnar eins og að barnið sé glatt og líði vel í daggæslunni, vel sé staðið að aðlögun og að viðmót dagforeldra í samskiptum sé gott.

Ef hvort tveggja væri í boði, vistun hjá dagforeldri og í leikskóla, segjast um 69% foreldra frekar kjósa *vistun í leikskóla* fyrir barn sitt. Af þeim sem merktu við *vistun hjá dagforeldri* tala flestir um kosti þess að börnin séu færri saman hjá dagforeldrum en einnig að umhverfið hjá dagforeldrum sé persónulegra, rólegra, heimilislegra og öruggara fyrir lítil börn og gott traust sé hjá foreldrum til dagforeldris. Þá séu hröð mannaskipti á leikskólum ókostur við leikskólana.

Þeir sem merktu við *vistun í leikskóla* gefa upp ástæður eins og fagmenntun starfsfólks, meiri örvun fyrir þroska barns, betri upplýsingagjöf, betri aðstöðu leikskólanna til útiveru og hollustu matarins. Komið er inn á að fleiri en einn umönnunaraðili sé til staðar í leikskólunum sem auki öryggi barnanna, að ólíklegra sé að vistun falli niður dagsdaglega í leikskóla og að kostnaður við vistun í leikskóla sé lægri.

Í opnum spurningum kom fram að svör til foreldra um hvort barn þeirra fengi vistun hjá dagforeldri bærust seint, enda fengju dagforeldrar sjálfir seint svör um hvenær eldri börn í vistun hjá þeim hæfu leikskólavist. Þetta segja foreldrar áhyggju- og streituvald í fæðingarorlofinu enda viti foreldrar þá illa hvenær þeir geti snúið til baka til sinnar vinnu.

Framkvæmd

Í maí 2018 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal foreldra barna sem nýttu sér þjónustu dagforeldra í Reykjavík. Þetta er í sjöunda sinn sem viðhorfskönnun hefur verið gerð meðal foreldra yngstu barnanna en sú fyrsta var gerð árið 2006.

Markmið könnunarinnar er að kanna viðhorf foreldra til þjónustu dagforeldra og þjónustu Reykjavíkurborgar við þennan málaflokk. Sendar voru út 609 beiðnir um þátttöku á netföng foreldra sem voru með barn sitt hjá dagforeldri veturinn 2017-2018. Svarhlutfall í könnuninni var 75% eins og sést í töflu 1.

Tafla 1. Svarhlutfall.

Sent	Svör	Svarhlutfall
609	459	75%

Niðurstöður

Svarendur

Eins og áður sagði tóku alls 459 foreldrar þátt í könnuninni. Mun færri *feður* en *mæður* svöruðu könnuninni eins og tafla 2 sýnir.

Tafla 2. Svarendur.¹

	Fjöldi	Hlutfall
Móðir	331	72%
Faðir	99	22%
Bæði	28	6%
Alls	458	100%

Stærstur hluti barnanna sem um ræðir eru fædd árið 2016 eins og sjá má í töflu 3.

Tafla 3. Fæðingarár barna hjá dagforeldrum.²

Fæðingarár	Fjöldi	Hlutfall
2018	3	1%
2017	127	29%
2016	296	68%
2015	10	2%
Alls	436	100%

¹ Í einu tilviki kom ekki fram hver svaraði könnuninni.

² Í 23 tilvikum kom ekki fram hvert fæðingarár barns væri.

Samtals höfðu um 64% barna svarenda verið í daggæslunni í 9 mánuði eða skemur þegar könnunin var lögð fyrir en um 35% barna verið í 10 mánuði eða lengur. Árið 2016 var hlutfall barna sem höfðu verið 10 mánuði eða lengur í daggæslu 29%. Hversu lengi börn höfðu verið í daggæslunni þegar könnunin fór fram, má sjá í töflu 4.

Tafla 4. Hvað hefur barnið verið lengi hjá því dagforeldri sem það er hjá núna (eða var í vetur ef barnið er hætt?)³

	Fjöldi	Hlutfall
1-2 mánuði	15	3%
3-6 mánuði	99	22%
7-9 mánuði	177	39%
10-12 mánuði	113	25%
13 mánuði eða lengur	47	10%
Alls	451	100%

Í töflu 5 má sjá að tæplega helmingur foreldra sem svöruðu könnuninni nýtti daggæslu þar sem tveir dagforeldrar starfa saman. Að auki voru nokkrir foreldrar sem svöruðu annað t.d. þar sem þrír dagforeldrar störfuðu saman með daggæslu⁴.

Tafla 5. Fjöldi dagforeldra í daggæslunni.⁵

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Eitt dagforeldri	229	50%
Tveir dagforeldrar	216	47%
Annað	11	3%
Alls	456	100%

Flestir foreldranna í könnuninni búa í *Laugardal* og næstflestir í *Breiðholti* eins og sjá má í töflu 6. Staðsetning daggæslunnar sem foreldrar nýta er oftast í Breiðholti og þar á eftir koma Laugardalur og Grafarvogur. Í töflunni sést að helst er sótt í daggæslu í *Grafarvogi* og *Breiðholti* af foreldrum úr öðrum borgarhlutum og mest um að foreldrar sem búa í *Vesturbæ*, *Hlíðum/Holt/Norðurmýri* og *Grafaholti/Úlfarsárdal* sækja daggæslu út fyrir sitt hverfi.

³ Í átta tilvikum kom ekki fram hversu lengi barnið hafði verið hjá viðkomandi dagforeldri.


⁴ Á sumum stöðum starfa þrír dagforeldrar í hlutastarfi að gæslu 10 barna.

⁵ Í þremur tilvikum kom ekki fram hversu margir dagforeldrarnir í viðkomandi daggæslu.

Tafla 6. Búseta foreldra og staðsetning daggæslu⁶.

	Búseta foreldra	Staðsetning daggæslu
Laugardalur	17%	17%
Breiðholt	16%	19%
Árbær/Norðlingaholt	13%	14%
Grafarvogur	12%	17%
Hlíðar/Holt/Norðurmýri	10%	5%
Háaleiti/Bústaðir	10%	10%
Vesturbær	9%	4%
Grafarholt/Úlfarsárdalur	7%	3%
Miðborg	5%	7%
Utan Reykjavíkur	1%	3%

Þeir sem eru með barn sitt í daggæslu í öðrum borgarhluta en þeim sem þeir búa í, voru spurðir hvort að þeir hefðu kosið að fá daggæslu í þeim borgarhluta sem þeir búa í. Rúmlega tveir þriðju svara spurningunni játandi eins og sést á mynd 1. Þar sést einnig að þessi hópur stækkar með hverri könnun og hefur aldrei verið stærri en nú.




Mynd 1. Ef daggæslan er ekki í þínum borgarhluta: Hefðir þú frekar kosið dagforeldri í þeim borgarhluta sem þú býrð í?

Á mynd 2 má sjá sömu spurningu og á mynd 1 nema hér eru svör foreldra sýnd eftir því í hvaða borgarhluta þeir búa. Af þeim foreldrum sem ekki hafa barn sitt í daggæslu í þeim borgarhluta sem þeir búa, eru foreldrar búsettir í Miðborginni sá hópur sem helst myndi vilja að barnið væri í daggæslu í þeim borgarhluta sem það býr í. Svipaða sögu er að segja af foreldrum úr öðrum borgarhlutum nema foreldrum í Grafarvogi. Þar eru hlutfallslega mikið færri sem svarandi spurningunni játandi en hér þarf

⁶ Nánari útlistun á búsetu foreldra og staðsetningu daggæslu má sjá í töflu 8 í viðauka.


að hafa í huga í Grafarvogi eru hlutfallslega flestir foreldrar með barn sitt í sama borgarhluta. Þar er því mjög lítill hópur sem er með barn sitt í öðrum borgarhluta.



Mynd 2. Ef daggæslan er ekki í þínum borgarhluta: Hefðir þú frekar kosið dagforeldri í þeim borgarhluta sem þú býrð í? (eftir búsetu foreldra)⁷.

Val á dagforeldri


Misjafnt er hvenær foreldrar hófu leit að dagforeldri, eins og mynd 3 sýnir, en í flestum tilvikum voru börnin á aldrinum *4 mánaða eða yngri* eða 60%. Þar sést einnig að foreldrar byrja sífellt fyrr að leita að dagforeldri sé könnunin núna borin saman við kannanir seinustu ára. Á sex árum hefur hlutfall foreldra sem byrja að leita að dagforeldri fyrir *fyrir 4ra mánaða aldur barns* aukist um 32 prósentustig.



Mynd 3. Aldur barns þegar leit að daggæslu hófst.


⁷ Á enda súlnanna má sjá fjölda svara fyrir hvern borgarhluta.

Tæpur helmingur barnanna hóf vistun hjá dagforeldri þegar þau voru 10-12 mánaða eins og sést á mynd 4. Hlutfallslega fleiri börn byrja eldri en 12 mánaða og hlutfallslega færri börn byrja yngri en 9 mánaða en árin á undan sem gæti gefið til kynna að erfiðara er að fá daggæslu nú en áður.



Mynd 4. Aldur barns við upphaf vistunar.

Þegar foreldrar eru spurðir hvar þeir fengu upplýsingar um það dagforeldri sem barnið dvelur hjá í dag, er áberandi oftast nefnt að foreldrarnir hafi heyrt af viðkomandi dagforeldri *hjá vinum, kunningja eða fjölskyldunni* eins og sést á mynd 5. Sá vettvangur upplýsinga sem svarendur nefna næst oftast er heimasíða skóla- og frístundasviðs.



Mynd 5. Hvar fékkst þú upplýsingar um dagforeldrið sem barnið dvelur hjá núna?⁸


⁸ Merkja mátti við allt sem við átti og því er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

Í töflu 7 sjást niðurstöður vegna nokkurra staðhæfinga um upphaf vistunar. Langflestir foreldrar skrifuðu undir dvalarsamning hjá dagforeldrinu og 79% fengu afrit af dvalarsamningi sem er lækkun úr 87% frá árinu 2016. Það skal þó tekið fram að stórt hlutfall foreldra segist ekki vita eða muna hvort þeir fengu afrit. Rúmur helmingur *talaði við eða heimsótti fleira en eitt dagforeldri áður en það valdi* og svipað hlutfall *athugaði hvort dagforeldrið væri með gilt starfsleyfi*. Rúmur þriðjungur *kynnti sér reglugerð um daggæslu í heimahúsi*. Í þessum þremur síðastnefndu staðhæfingum er hærra hlutfall foreldra nú sem svarar þeim játandi en var árið 2016.

Tafla 7. Hvað af eftirfarandi á við um þig (staðhæfingar um upphaf vistunar)?


	Já	Nei
Ég talaði við eða heimsótti fleiri en eitt dagforeldri áður en ég valdi	53%	48%
Ég athugaði hvort dagforeldrið væri með gilt starfsleyfi	52%	48%
Ég skrifaði undir dvalarsamning	91%	9%
Ég fékk afrit af dvalarsamningi	79%	21%
Upplýsingar gefnar um greiðslur vegna veikinda/frídaga dagforeldris	71%	29%
Niðurgreiðslur Reykjavíkurborgar kynntar	77%	23%
Ég kynnti mér reglugerð um daggæslu í heimahúsi	35%	65%

Yfirgnæfandi meirihluti eða 77% foreldra er *ósammála* þeirri fullyrðingu að þeir hafi haft úr mörgum dagforeldrum að velja og aðeins 7% eru *sammála* fullyrðingunni eins og sést á mynd 6. Þar sést einnig að tæpur þriðjungur er *sammála* því að þeir hefðu þurft á meiri aðstoð/ráðgjöf að halda við val á dagforeldri en raunin var.



Mynd 6. Val á daggæslu.

Ef hvort tveggja væri í boði, vistun hjá dagforeldri og í leikskóla, segjast um 69% foreldra frekar kjósa *vistun í leikskóla* fyrir barn sitt eins og sést á mynd 7. Ekki er til beinn samanburður við fyrri ár en árið 2016 voru foreldrar beðnir um að svara hvort þeir væru *sammála* eða *ósammála* fullyrðingu um að þeir hefðu frekar kosið vistun í leikskóla en hjá dagforeldri og voru þá 58% foreldra *sammála* fullyrðingunni.



Mynd 7. Hvort myndir þú velja vistun hjá dagforeldri eða í leikskóla, ef hvort tveggja væri í boði?

Foreldrar voru í kjölfarið beðnir um að svara opinni spurningu um hvað myndi ráða mestu um val þeirra um vistun hjá dagforeldri eða leikskóla. Af þeim sem merktu við *vistun hjá dagforeldri* svöruðu 43 spurningunni. Flestir tala um kosti þess að börnin séu færri saman hjá dagforeldrum og margir segja umhverfið hjá dagforeldrum persónulegra, rólegra, heimilislegra og/eða öruggara fyrir lítil börn. Þá geti börn hjá dagforeldrum frekar tengst sama ummönnunaraðila í stað margra eins og frekar væri í leikskóla. Hér er einnig komið inn á gott traust foreldra til dagforeldris sem þau eru með barn í vistun hjá og að hröð mannaskipti á leikskólum sé ókostur við leikskólana.


Tæplega 40 svarið sem merktu við *vistun hjá dagforeldrum ef tveir vinna saman* hafa að stóru leyti frammi sömu rök og þeir sem merktu við *vistun hjá dagforeldri*. Helsti munurinn á hópnum tveimur er sá að þessi hópur nefnir öryggi sem ástæðu þess að vilja frekar vistun þar sem tveir dagforeldrar vinna saman frekar en þar sem dagforeldri vinnur eitt.

Af þeim sem merktu við *vistun í leikskóla* svöruðu 161 opnu spurningunni. Rúmlega þriðjungur hópsins talar um faglegt starf í leikskólum á einn eða annan hátt, hvort sem um er að ræða fagmenntun starfsfólks, örvun fyrir þroska barnsins, upplýsingargjöf, formfestu o.s.frv. Þá nefna margir aðstöðu leikskólanna, útiveru, aðstöðu til útiveru og hollustu matarins. Talsvert er talað um að eftirlit og öryggi sé betra í leikskólum en ekki endilega útskýrt í hverju það öryggi sé fólgið. Þó er komið inn á að fleiri en einn ummönnunaraðili sé til staðar í leikskólunum sem sé m.a. mikilvægt vegna öryggis barnanna. Þá er talað um meira öryggi í leikskóla gagnvart því að vistun falli niður dagsdaglega og vísa þar í óvissu vegna frí- og veikindadaga dagforeldra. Þá nefna einhverjir lítinn rétt sinn gagnvart dagforeldrum og vald dagforeldra til að geta sagt vistun upp. Einhverjir nefna vistunartíma hjá dagforeldrum sem ástæðu og lítinn sveigjanleika með hann. Um fjórðungur talar um að kostnaður við vistun í leikskóla sé lægri og fimmtungur talar um heppilegri staðsetningu leikskóla miðað við dagforeldri. Þá nefna nokkrir að ekkert val sé í raun fyrir foreldra að velja sér dagforeldra, foreldrar verði einfaldlega að taka því dagforeldri sem býðst, tengslanet skipti öllu máli til þess að tryggja sér vistun hjá dagforeldri og ekki sé hægt að treysta á biðlista.

Þar sem ekki var talað um nákvæman aldur voru þó nokkrir sem töluðu um að þeir vildu dagforeldra til annað hvort 12 mánaða eða 18 mánaða aldurs barns en að þá tæki við leikskóladvöl. Nokkrir sem völdu leikskólann völdu hann vegna þess að barn þeirra þyrfti meiri örvun eftir 18 mánaða aldur en gæfist hjá dagforeldri.


Viðhorf til fyrirkomulags á daggæslu yngstu barna

Foreldrar voru spurðir út í á hvaða aldri börn ættu að hefja vistun í leikskóla. Niðurstöðurnar eru á mynd 9⁹ og þar sést að aðeins 14% foreldra telja að börn ættu að hefja leikskólavistun fyrir 12 mánaða aldur. Mjög stór hópur foreldra bætist við þennan fyrsta hóp þegar börnin eru komin á aldurinn 12-18 mánaða og samanlagt er hópurinn þá orðinn 78%. Þegar um er að ræða börn á aldrinum 18-24 mánaða hafa nánast allir svarendur bæst í hópinn. Eins og sjá má varð mikil breyting á viðhorfum foreldra hvað þetta varðar á milli árána 2014 og 2016. Munurinn núna frá seinustu könnun er hinsvegar lítil sem engin.



Mynd 8. Á hvaða aldri ættu börn að hefja leikskólagöngu?

Áfram eru langflestir foreldrar jákvæðir gagnvart því að dagforeldrar starfi tveir og tveir saman eins og sést á mynd 9. Litlar breytingar eru á milli ára en jákvæðnin mælist samt mest nú.




Mynd 9. Hvað finnst þér um að dagforeldrar vinni tveir saman við daggæslu?

⁹ Á myndinni hlaðast prósentustigin upp eftir því sem börnin eru eldri. Fyrir árið 2018 leggjast þannig 14% foreldra sem finnst að börn eigi að hefja leikskólavistun þegar þau eru yngri en 12 mánaða, við 64% foreldra sem finnst að börn eigi að byrja leikskólavistun þegar þau eru 12-18 mánaða. Samtalan verður þá 78% og síðan koll af kalli. Til einföldunar eru á myndinni sýnd gildi árána 2014 og 2018 en ekki ársins 2016.


Ánægja með þjónustu dagforeldra

Sem áður eru langflestir foreldrar ánægðir með þjónustu dagforeldra og litlar breytingar á milli ára eins og mynd 10 sýnir. Ánægjan var þó mest fyrir fjórum árum.



Mynd 10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu almennt með þjónustu dagforeldrisins?

Foreldrar eru fyrst og fremst ánægðir með ýmsa hagnýta þætti þjónustu og skipulags hjá dagforeldrum eins og sjá má á mynd 11¹⁰. Engu að síður er ánægjan í flestum tilvikum minni en árið 2016. Aðeins í spurningu um fæði eða mat eru foreldrar ánægðari nú en 2016 en hækkunin er þó óveruleg. Lítil breyting er á ánægju með vistunartíma en ánægja með frídaga- og veikindafyrirkomulag dagforeldra lækkar áfram, var 84% fyrir fjórum árum, 62% fyrir tveimur árum og er nú komið í 54%¹¹. Þá hefur óánægja með kostnað aukist úr 40% árið 2016 í 47% nú.




Mynd 11. Viðhorf til þjónustu og skipulags hjá dagforeldrum.

¹⁰ Á myndinni eru svör þeirra sem merktu við á ekki við tekin út við útreikning á hlutföllum.

¹¹ Nánari greiningu á svörum foreldra fyrir árin 2018 og 2016 hvað varðar viðhorf til þjónustu og skipulags hjá dagforeldrum má sjá á myndum 14-17 í viðauka.

Upplifun foreldra af ýmsum félagslegum þáttum daggæslunnar er almennt mjög jákvæð eins og mynd 12 sýnir. Langflestir eða 96% foreldra telja að barnið þeirra sé glatt og líði vel í daggæslunni og á bilinu 70-95% foreldra eru *sammála* öðrum fullyrðingum hér sem allar eru jákvæðar. Minnst ánægja er með upplýsingagiöf um daglegt starf en samt er einungis 17% hópsins *ósammála* þeirri fullyrðingu. Ekki eru miklar breytingar heilt yfir frá árinu 2016.



Mynd 12. Viðhorf til ýmissa þátta daggæslunnar.


Foreldrum var boðið að nefna annað sem þeir væru ánægðir með við þjónustu dagforeldra. Alls tjáðu 235 foreldrar sig og það helsta sem þeir nefna er að dagforeldrar sýna börnunum ástúð og umhyggju, eru jákvæðir og yndislegir, hugsi vel um börnin og beiti jákvæðum aga. Margir foreldrar segja að þeir geti ekki verið heppnari með dagforeldra. Einnig nefna margir að dagforeldrar barna þeirra séu duglegir að fara út með börnin, maturinn sé hollur og börnin hafi fjölbreytt viðfangsefni yfir daginn. Þá sé viðmót dagforeldra vinalegt og börnin séu ánægð þegar þau fari í daggæsluna.

Einnig var foreldrum boðið upp á að nefna það sem þeir vilji sjá betur fara hjá dagforeldrum og nýttu 174 foreldrar sér það. Þeir eru helst óánægðir með fyrirkomulag á veikinda- og frídögum dagforeldra. Þannig sé fjöldi frídaga bæði yfir árið og á sumrin sérstaklega, of mikill og engin afleysing fyrir dagforeldra vegna veikinda. Nefnt er að herða þurfi eftirlit með töku frídaga (án þess að til lægri greiðslu komi). Þá segja margir foreldrar að börnin fái ekki næga örvun í daggæslunni og matarræðið sé ekki heilsusamlegt. Sumir kvarta yfir því að útivera sé lítil sem engin og/eða að fá afgirt og örugg útileiksvæði séu til staðar fyrir dagforeldra að fara á. Nokkuð er um beiðnir til borgarinnar að setja upp leiksvæði sem henti yngri börnum. Foreldrar vilja aukið upplýsingaflæði um hvernig dagurinn hafi gengið fyrir sig hjá þeirra barni og vilja sumir fá upp upplýsingatöflu hjá dagforeldrum til að geta fylgst með þessu. Óánægja er með hversu hátt hlutfall af kostnaði fyrir daggæsluna lendi á foreldrum og að vinnutími dagforeldra geri foreldrum mjög erfitt að vinna sjálf fullan vinnudag. Nokkuð margar tillögur

koma frá foreldrum um að Reykjavíkurborg niðurgreiði vistun hjá dagforeldrum meira þegar barn hefur náð 18 mánaða aldri, ef það hefur ekki fengið pláss í leikskóla, svo foreldrar sitji við sama borð og greiði sama gjald hvort sem börn þeirra eru í leikskóla eða hjá dagforeldrum. Foreldrar sem ekki fengu leikskólalátt fyr en barnið var rúmlega tveggja ára, kvarta undan því að barnið fái ekki nægilega örvun meðan það umgengst aðeins yngri börn. Þá tala foreldrar um að svör um hvort barn fái daggæslulátt eða ekki berist seint og sé streituvaldur í fæðingarorlofi foreldra enda þá óljóst hvenær hægt sé fyrir foreldri að snúa aftur til vinnu. Sumir foreldrar tala um að þeir þori ekki að kvarta undan daggæslunni af ótta við að missa pláss hjá dagforeldrum

Eftirlit með starfsemi daggæslu

Undanfarin ár hefur um helmingur foreldra svarað því til að þeir þekki ekki eða viti ekki hvort þeim finnst eftirlitið með störfum dagforeldra vera *of mikið*, *hæfilegt* eða *of lítið*. Því var að þessu sinni ákveðið að segja foreldrum í könnuninni að ótilkynntar eftirlitsheimsóknir frá skóla- og frístundasviði til dagforeldra, séu þrjár á ári. Þetta hafði mjög líklega þau áhrif að mun fleiri nú en áður telja eftirlitið *hæfilegt* eða um 53% eins og sjá má á mynd 13¹²



Mynd 13. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera *of mikið*, *hæfilegt* eða *of lítið*?

Aðeins 18% foreldra hafa séð eða verið sagt frá niðurstöðum úr eftirlitsheimsókn frá skóla- og frístundasviði til dagforeldra eða heyrt af heimsókn daggæsluráðgjafa þjónustumiðstöðvar. Í opnum svörum kom fram ósk um að foreldrar fengju að vita af niðurstöðum eftirlitsheimsókna frá skóla- og frístundasviði

Rúmur þriðjungur eða 37% foreldra segjast vita hvert eigi að leita vilji þeir koma á framfæri athugasemd vegna þjónustu dagforeldris en langflestir höfðu þó aldrei gert slíkt eða 92%.

Þeir foreldrar sem einhvern tíma höfðu komið á framfæri athugasemd vegna þjónustu dagforeldris, voru spurðir út í hvers vegna þeir hefðu gert athugasemd. Margir taka fram að þeir hefðu gert athugasemd við dagforeldri sem barnið var hjá áður eða vegna dagforeldra sem eldri börn þeirra höfðu verið hjá en ekki núverandi. Algengar eru athugasemdir vegna veikinda- og frídaga dagforeldris og

¹² Aðeins tveimur foreldrum finnst eftirlitið *of mikið* og náði hlutfall þess hóps ekki einu prósentu.

stundum vegna of margra barna í daggæslunni. Einnig kemur fram gagnrýni á reglugerðina, um daggæslu í heimahúsi, um að leyfa aðeins að hámarki 10 börn í daggæslu, jafnvel þótt fleiri en tveir dagforeldrar starfi við daggæsluna. Einnig er gagnrýnt að ekki sé nægjanlega brugðist við athugasemdum sem berist þjónustumiðstöðvum eða skrifstofu skóla- og frístundasviðs vegna þjónustu dagforeldris.

Þættir sem foreldrar vildu koma á framfæri

Í lok könnunarinnar voru foreldrar spurðir hvort þeir vildu koma einhverju á framfæri um daggæslu hjá dagforeldri. Margt hefur komið fram áður en 108 svöruðu þessari spurningu. Margir tala um að hlúa þurfi að dagforeldrakerfinu og gera eigi það betra fyrir börnin, dagforeldra og foreldra og var í þessum samhengi stundum vísað á danska kerfið. Upp kom hugmynd um að Reykjavíkurborg dreifði barnabókum til dagforeldra og fullnægjandi kerrum svo allir dagforeldrar gætu farið í örugga göngutúra. Þá tala foreldrar um afgirt og/eða örugg útileiksvæði fyrir yngstu börnin víðar um borgina.

Foreldrar vilja betra kerfi um biðlista og betri upplýsingar um hvenær barn þeirra komist í daggæslu. Tala sumir um miðlægt kerfi þar sem tekið væri inn eftir kennitölum barnanna. Nefna foreldrar að þeim þyki slæmt hversu seint svör berast um leikskólavist því það hafi bein áhrif á það hvenær dagforeldri fær upplýsingar um hvort eða hvenær það losnar pláss hjá þeim. Foreldrar upplifa að þeir hafi enga valkosti um vistun fyrir barn sitt eftir að fæðingarorlofi líkur.

Ábendingar koma frá foreldrum um að upplýsingar á heimasíðu Reykjavíkurborgar þurfi að vera betri. Þar þurfi að uppfæra opnunartíma, bæta við upplýsingum um starfstíma og hvenær leyfi var veitt, hvernig aðstaða er fyrir börnin, áætlað sumarfrí dagforeldra o.fl., sem gerir foreldrum auðveldara að velja sér dagforeldra. Þá megi bjóða upp á tengingu við ráðgjafa eða tengilið sem sérhæfi sig í dagforeldramálum hjá Reykjavíkurborg.

Talsvert er talað um kostnað, að setja ætti þak á upphæð sem dagforeldrar mættu rukka og frídaga sem þær mættu taka án þess að veita langan fyrirvara og/eða án þess að kostnaður sé lækkaður í samræmi. Eins og áður sagði þá vilja margir foreldrar að niðurgreiðslan eigi að vera hærri fyrir börn sem náð hafa 18 mánaða aldri, svo hærra gjald bitni ekki á þeim foreldrum sem komast seint inn á leikskóla með sín börn. Talsvert er um uppástungur þess efnis að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði og bjóða þá strax upp á leikskóladvöl.

Þá er talað um að fjölga ætti dagforeldrum svo ekki þurfi að setta sig við hugsanlega það eina dagforeldri sem býðst, sérstaklega þegar barn fæðist ekki á þeim tíma ársins að það henti að hefja vistun í september. Það gæti líka þýtt að að foreldrar þyrðu frekar að kvarta undan þjónustunni.


Þá er talað um að styðja þurfi þessa starfsemi frekar en að lofa ungbarnaplássum í leikskólum sem ekki væri staðið við, enda skapaði slíkt atvinnuóöryggi hjá dagforeldrum.

Tvær fjölskyldur taka fram að þær væru að hugleiða að flytja í annað sveitarfélag áður en fleiri börn fæddust inn í fjölskyldurnar, vegna dagforeldrakerfisins og þeirrar óvissu sem það hefði í för með sér.


Viðauki

Tafla 8. Búseta foreldra og staðsetning daggæslu – nánari útlitun.


Í hvaða borgarhluta er daggæslan?												
	Vesturbær	Miðborg	Hlíðar/Holt Norðurmýri	Laugar- dalur	Háaleiti Bústaðir	Breiðholt	Árbær	Grafarvogur	Grafarholt Úlfarsársdalur	Kjalarnes	Utan Reykjavíkur	Samtals
Í hvaða Vesturbær	26,2%	21,4%	7,1%	11,9%	9,5%	4,8%	9,5%	2,4%	2,4%	0,0%	4,8%	100,0%
borgarhlut Miðborg	19,0%	47,6%	19,0%	9,5%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,8%	100,0%
á býrð þú? Hlíðar-Holt-Norðurmýri	2,2%	8,9%	22,2%	24,4%	17,8%	13,3%	4,4%	4,4%	0,0%	0,0%	2,2%	100,0%
Laugardalur	0,0%	2,6%	3,8%	60,3%	9,0%	3,8%	3,8%	9,0%	1,3%	0,0%	6,4%	100,0%
Háaleiti Bústaðir	2,2%	2,2%	6,5%	15,2%	50,0%	6,5%	4,3%	6,5%	0,0%	0,0%	6,5%	100,0%
Breiðholt	0,0%	1,4%	0,0%	2,7%	1,4%	83,8%	5,4%	4,1%	0,0%	0,0%	1,4%	100,0%
Árbær	1,7%	1,7%	0,0%	1,7%	0,0%	10,2%	76,3%	6,8%	0,0%	0,0%	1,7%	100,0%
Grafarvogur	0,0%	1,8%	0,0%	0,0%	3,6%	3,6%	1,8%	89,1%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%
Grafarholt-Úlfarsársdalur	0,0%	0,0%	0,0%	6,3%	6,3%	6,3%	12,5%	28,1%	40,6%	0,0%	0,0%	100,0%
Kjalarnes	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Utan Reykjavíkur	0,0%	33,3%	16,7%	16,7%	0,0%	16,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	16,7%	100,0%
Samtals	3,9%	6,8%	5,2%	17,0%	10,3%	19,0%	14,2%	17,0%	3,3%	0,0%	3,3%	100,0%




Mynd 14. Ánægja/óánægja foreldra með staðsetningu og kostnað við daggæslu.



Mynd 15. Ánægja/óánægja foreldra með frídaga/veikindafyrirkomulag dagforeldris og vistunartíma daggæslu.



Mynd 16. Ánægja/óánægja foreldra með dagskipulag og fæði/mat hjá dagforeldri.



Mynd 17. Ánægja/óánægja foreldra með aðstöðu inni og úti hjá dagforeldrum.